

Símafundur 19 mars 2020. Kl 1800

Mættir eru: Jón Þorberg, Ágúst, Reynir Örn, Darri, Valdimar og Randi.

Gekk vel að funda með þessu fyrirkomulagi í ljósi aðstæðna vegna kóróna veirunar.

1. Val á hópi dómara fyrir LM.
2. Rafræn upprifjun fyrir dómara.
3. Vinnufyrirlestur fyrir alla dómara.

1. Ákveðið er að sjórn setji saman hóp úr þeim 20 manna hópi landsdómara sem hafa sótt um að dæma LM.

Ákveðið að endanlegur hópur verði valinn eftir heimadómana (rubrik) sem verða sendir út á alla dómara á næstu dögum.

2. Því miður var ekki hægt að hafa upprifjunar hitting eins og undan gengin ár vegna veiru faraldurs. Þess í stað verður sent rúbrik rafrænt á dómara og þeir skila svo inn sínum dómum á því.

Árgjald verður óbreytt 3000 kr og gjald vegna rafræns upprifjunar námsskeiðs verður 5000 kr. Til að verða gjaldgengur dómari verður að greiða þessi gjöld auk þess að standast rúbrik og heimahesta próf.

Facebook hópur verður gerður fyrir virka og gjaldgenga dómara 2020.

3. Hugmynd er komin upp að halda vinnufyrirlestur fyrir alla dómara í samstarfi hjá GDLH og HIDI, sem fyrst eða þegar aðstæður leifa, með áherslu á gangtegunina skeið. Fengnir yrðu fyrirlesarar og fræðimenn til að fara yfir málín og útlísta skeiðið sem gangtegun og hvað dómara eigi að horfa eftir.

Nýr fundur í næstu viku.

Fundi slitið kl 1900.